

Mánudaginn 2. júlí 1917.

47/1917.

Björn Gíslason

gegn

forsætisráðherra Jóni Magnússyni
f. h. landssjóðs og fyrv. ráðherra
Einari Arnórssyni prófessor.

Ú r s k u r ð u r :

Með stefndu útgefinni 24. maí þ. á. hefir dómsmálaráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs skotið til yfirdómsins dómi uppkveðnum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 3. s. m. í máli, er Björn Gíslason bóndi á Ásgautsstöðum hafði höfðað fyrir bæjarþinginu gegn ráðherra Íslands f. h. landssjóðs og á stefnan að falla í rétt 10. sept. næstkomandi. Með stefnu dags. 18. f. m. hefir stefndi Björn Gíslason gagnáfrýjað málinu og stefnt forsætisráðherra Jóni Magnússyni fyrir hönd landssjóðs svo og fyrverandi ráðherra Einari Arnórssyni prófessor og féll stefna þessi í rétt 25. f. m. Þá er málið samkvæmt stefnunni kom fyrir réttinn lagði umboðsmaður gagnáfrýjanda fram stefnuna og bað um vikufrest til málsútlistunar, með því að aktsútskrift af bæjarþingsgerðunum hefði ekki fengist afgreidd í tæka tíð.

Stefndi, Einar prófessor Arnórsson, mætti eigi við fyrirtekt málsins og enginn af hans hendi, en fyrir hönd landsstjórnarinnar mætti yfirréttarmálaflutningsmaður Guðmundur Ólafsson, og mótmælti hann að hinn umbeðni frestur yrði veittur.

Þar sem umboðsmaður hins stefnda ráðherra

hefir eigi véfengt skýrslu áfrýjanda um ástæðu þá, er frestbeiðnin byggist á, en hún var eftir eðli sínu áfrýjanda óviðráðanleg, virðist eigi næg ástæða til að neita um hinn umbeðna vikufrest.

Því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist hinn umbeðni vikufrestur til málsútlistunar.

Mánudaginn 9. júlí 1917.

Nr. 14/1917.

Gísli Hjálmarsson
gegn

Sveini Björnssyni f. h.
Hallgríms Guðjónssonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður, fyrir hönd Hallgríms Guðjónssonar, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, gegn áfrýjanda Gísla Hjálmarssyni útgerðarmanni í Reykjavík, til þess að fá hann dæmdan til að greiða umbjóðanda sínum eftirstöðvar af kaupum hans 199 kr. 99 a. ásamt vöxtum og málskostnaði. Áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalmálinu að verða algerlega sýknaður af kröfum hans, og í gagnsökinni krafðist hann þess, að stefndi yrði